

ekki við slíkar umvandanir kennara eða skólameistara, getur skólastjórn vikið honum úr skóla um stundasakir eða til fulls, enda hafi námsráðgjafi fjallað um málið. Þó geta málsatvik verið þannig, að skólameistari megi tafarlaust vísa nemanda burt. Ákvörðun um brottvikningu úr skóla getur nemandi skotið til menntamálaráðuneytisins.

30. gr.

Nú veldur nemandi vísvitandi skemmdum á eignum skólans og ber honum þá að bæta fullum bótum.

31. gr.

Nemendum er skylt að takast á hendur umsjón í skólanum eftir fyrirmælum skólameistara.

32. gr.

Nemendur, kennarar og aðrir starfsmenn mega ekki við skólastarf hafa áfengi eða önnur vímuvaldandi efni um hönd né koma til starfa undir áhrifum þeirra. Á skemmtunum skólans gilda þær reglur um áfengi, sem skólastjórn setur og skulu þær vera í samræmi við áfengislöggjöf í landinu hverju sinni og fyrirmæli yfirstjórnar skólanna (bréf menntamálaráðuneytisins nr. 212/1950, um bindindiseftirlit í skólum, sbr. bréf ráðuneytisins nr. 120/1970).

VII. KAFLI

Gildistaka.

33. gr.

Reglugerð þessi er sett samkvæmt lögum nr. 14/1973 um fjölbrautaskóla og ákvæði 7. gr. í samningi menntamálaráðuneytisins og Akureyrarbæjar frá 19. ágúst 1981. Reglugerðin öðlast gildi 1. júní 1987 og fellur þá úr gildi reglugerð nr. 254/1984.

34. gr.

Endurskoða skal þessa reglugerð að liðnum þremur árum frá gildistöku hennar.

Menntamálaráðuneytið, 15. apríl 1987.

Sverrir Hermannsson.

Knútur Hallsson.

REGLUR

um breytingu á reglum um skipsbækur nr. 138/1986.

1. gr.

2. mgr. 1. gr. orðist svo:

Öll skip, sem eru 24 metrar að lengd eða lengri, skulu auk þess halda vélarbók.

2. gr.

Reglur þessar, sem settar eru samkvæmt 9. gr. siglingalaga nr. 34/1985, öðlast þegar gildi og birtast til eftirbreytni öllum þeim sem hlut eiga að máli.

Samgönguráðuneytið, 8. apríl 1987.

Matthías Bjarnason.

Ragnhildur Hjaltadóttir.